

# GJALDSKRÁ

## fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ

### 1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

### 2. gr.

Gjöldin greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram greiða kr. 18.500 í sorphirðugjald og kr. 16.000 á íbúð í sorpeyðingargjald. Miðað er við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald, en húseigendum er í upphafi afhentar tvær, ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp.
- b) Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram greiða kr. 5.300 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 8.100 á bústað í gámagjald.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 1. desember 2016 með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1183/2015.

Snæfellsbær, 1. desember 2016

---

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri